



Félagsmálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14.01.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra barna, 389.mál.


Umrætt frumvarp var tekið fyrir á stjórnarfundum félagsins 14.01.2006 og styður stjórn félagsins frumvarpið með athugasemdum við 8. og 9.gr frumvarpsins.

Athugasemdir, 8.gr og 9.gr.

Stjórn félagsins vill þó gera athugasemdir við að ekki skuli tekið tillit til né gerður greinamunur á því hvort eitt eða tvennir foreldrar séu á heimili vegna greiðsluupphæðar. Telur stjórn félagsins nauðsynlegt að tekið sé nánara tillit til fjölskyldugerðar og fjölskyldustærðar, því í mörgum tilvikum er það svo að aðeins annað foreldri er til staðar og þarf oftast að axla þá ábyrgð og taka þann kostnað og vinnutap á sig t.d. þegar annað foreldri er fallið frá, býr erlendis eða er afskiptalaust af högum barns.

Einnig gerir félagið athugasemd við það að ekki sé tekið tillit til fjölskyldugerðar þegar kveðið er á um að foreldri/foreldrar skulu hafa lagt niður störf alls í 14 daga. Stjórn félagsins telur réttmætt að dagar einstæðra foreldra í þessu tilviki skuli vera 7 dagar. Enda hafa hjón og sambúðarfólk að jafnaði tvöfalt fleiri veikindadaga heldur en einstæðir foreldrar.

Virðingarfyllst,



Formaður,
Ingimundur Sveinn Pétursson